

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga

Árskýrsla 2011



Starfsmenn og starfsemi

Þrír fastir starfsmenn unnu á safninu á árinu 2011. Þeir voru

Unnar Ingvarsson héraðsskjalavörður


Gísli Þór Ólafsson skjalavörður

Guðrún Rafnsdóttir starfsmaður við ljósmyndaskráningu

Þá störfuðu allmargir starfsmenn í sérverkefnum, hluta ársins, eins og getið verður síðar í ársskýrslunni.

Fyrirspurnir og gestakomur

Gestakomum fækkaði nokkuð milli árana 2010-2011. Engin sérstök skýring er á þessari fækkun en miðað við stærð og starfssvæði safnsins þá er fjöldi gesta á Héraðsskjalasafni Skagfirðinga mun meiri en á sambærilegum söfnum. Gestir safnsins sinntu margvíslegum erindum. Sem fyrr voru landamerkjамál fyrirferðamikil, sem og réttindamál margs konar. Margþáttað fræðastarf sem stundað er í héraðinu útheimtir rannsóknir á safninu en síðast en ekki síst er það forvitni hins almenna íbúa um fjölskyldusögu sína sem veldur því að fólk




safnið.

heimsækir héraðsskjalasafnið. Í þessum tölum um gestafjölda er starfsmenn Byggðasögu Skagafjarðar undanskildir, enda hafa þeir starfsaðstöðu í Safnahúsinu og hafa eins og gefur að skilja margvísleg erindi við

Sem fyrr voru karlar stærstur hluti gestanna eða 1223 á móti 271 konu. Er það hlutfall svipað og verið hefur undanfarin ár, hver sem skýringin er á því.

Fyrirspurnir voru mun fleiri en verið hefur á undanförunum árum. Þess ber einnig að geta að sumar þessara fyrirspurna kröfðust mikilla rannsókna og voru erfiðar viðfangs. Einkum reyndust allmargar fyrirspurnir sem tengdust Hofsósi okkur erfiðar viðfangs og tókst raunar ekki að afgreiða all mikinn fjölda fyrirspurna sem tengjast byggingum og byggingalóðum í þorpinu. Þessi



staðreynd varð m.a. til þess að lagt var í vinnu við að leita að gögnum úr hreppnum og skrá skjalasöfn þess.

Skjalavörður eyddi um þriggja vikna vinnu í rannsóknir og leit í Hofsósgögnum og því mikilvægt að auka skráningu á skjölum hreppsins. Þess vegna

var einnig ákveðið að fullskrá gögnin, þ.e. skrá hvert skjal eftir því sem kostur er og mun hér eftir verða auðveldara viðfangs að finna þau gögn sem um er spurt.

Mörgum þykir þægilegra að senda tölvupóst eða hringja í safnið í staðinn fyrir að mæta á staðinn og leita sjálfir að upplýsingum. Þessi þróun er kannski skiljanleg en ekki með öllu heppileg. Með því að koma ekki og skoða gögnin sjálfir eru notendur safnsins ekki að nálgast heimildirnar á sínum forsendum heldur treysta starfsmönnum fyrir því að leita og túlka heimildirnar. Á hinn bóginn ber að geta þess að opnunartími safnsins er ekki heppilegur vinnandi fólki og jafnframt er farið að bera á að almenningur treystir sér ekki til að lesa handskifuð skjöl frá 20. öld. Þessi vandi mun auðvitað aðeins aukast með árunum.

Mikilvægt er að söfnin mæti þessu með einhverju móti. Annars vegar með því að birta skjalaskrár og hins vegar með skönnun lykilorðheimilda, sem fólk vill gjarnan nálgast. Skönnun ljósmynda og birting þeirra á netinu sem fyrirhuguð er til dæmis um slíka framkvæmd. En fyrirspurnum vegna ljósmynda hefur farið mjög fjölgandi á síðustu árum.

Umræða um gjaldtöku fyrir leit í skjalasöfnum landsins hefur komið upp reglulega á síðustu árum. Vissulega ber söfnunum ekki skylda til að leita að gögnum fyrir fólk, en hins vegar er engin heimild í lögum um gjaldtöku fyrir leit. Þvert á móti er í allmörgum lögum, þmt. Upplýsingalögum kveðið á um mikilvægi þess að allir eigi rétt á upplýsingum. Á hinn bóginn er að mínu mati ekki óeðlilegt að tekið sé gjald fyrir mjög viðamikla leit fyrir opinbera aðila.

Fundir og fræðsla

Héraðsskjalavörður sótti ýmsa fundi og ráðstefnur á árinu. Má segja að samstarf aðila sem starfa að skjalavörslu og varðveislumálum í landinu hafi aukist gríðarlega á síðustu árum. Sérstaklega má þakka það stofnun og viðgangi félags Héraðsskjalavarða, sem hefur staðið fyrir ýmsum átaksverkefnum til að efla starfsemi safnanna og gera þeim auðveldara að starfa. Ekki er vanþörf á sérstaklega nú þegar tölvugögn eru alsráðandi og meðferð þeirra oft á tíðum langt frá því að vera viðunandi.

Héraðsskjalavörður sat í stjórn Félags héraðsskjalavarða fram í nóvembermánuð er stjórnarskipti urðu. Um starfssemi félagsins má fræðast á heimasíðunni www.heradsskjalasafn.is

Í tengslum við starf félags héraðsskjalavarða voru á árinu haldin námskeið um fjarfundarbúnað fyrir stjórnendur skóla og aðra embættismenn sem koma að skjalavörslu skóla. Héraðsskjalavörður kynnti lagareglur þ. m. t.

Upplýsingalög á fundi með sviðsstjórum Sveitarfélagsins Skagafjarðar í upphafi árs. Þá kynni skjalavörður virkni One Systems skjalakerfisins á fundi Héraðsskjalavarða í nóvember og kynnti ljósmyndaverkefni þriggja héraðsskjalasafna á fundi starfmanna héraðsskjalasafna og ljósmyndasafna í sama mánuði.

Héraðsskjalavörður fór með skjalaverði Sveitarfélagsins Skagafjarðar í heimsókn í alla þrjá grunnskóla héraðsins og kynnti reglur um skjalavörslu og ræddi hvernig koma mætti á réttum vinnubrögðum í þessu efni innan skólanna. Þau mál eru nú í vinnslu í góðu samstarfi milli safnsins, skjalavarðar sveitarfélagsins og skólastjórnanda.

Héraðsskjalavörður ritaði tvívegis greinar í fagtímarit skjalavarða á Norðurlöndum Nordisk arkivnytt. Þá var starfsemi safnsins kynnt með öðrum hætti s.s. með fyrirlestrum á samkomum klúbba á svæðinu.

Ljósmyndaverkefni þriggja skjalasafna

Árið 2011 var hafist handa við stærsta verkefni sem ljósmyndadeild safnins hefur ráðist í. Með samningi þriggja Héraðsskjalasafna við Menntamálaráðuneytið var ákveðið að styrkja söfnin um 13,5 milljónir á árinu, en söfnin hæfu umfangsmikla vinnu við skráningu og skönnun á ljósmyndum sem væru í þeirra eigu. Árangurinn fór fram úr þeim markmiðum sem sett voru í upphafi en árið 2011 skönnuðu söfnin þrjú um 75.000 ljósmyndir og skráðu um 35.000. Héraðsskjalasafn Skagafirðinga fékk í sinn hlut 4,5 milljónir frá ríki en Sveitarfélagið Skagafjörður kom myndarlega að verkefninu og setti verulega fjármuni í það á móti. Með þessu tókst að verja tímabundið allmörg störf fólks sem áður starfaði að skráningu skjala og innslátt á manntölum á vegum Þjóðskjalasafns Íslands. Jafnframt var unnt að nýta húsnæði sem var í leigu á fyrri hluta ársins.

Ákveðið var að ljúka verkefninu á fyrri hluta ársins 2011 og voru ráðnir til þess fjórir starfsmenn, allir í hlutastarfi.

Áhugi fólks á þessum menningararfi hefur aukist verulega en mjög mikilvægt er að lagaumhverfi ljósmynda og birtingu þeirra sé gert skýrara. Í dag er höfundarréttur á listrænum ljósmyndum 70 ár frá dauða ljósmyndara, en 20 ár vegna almennra ljósmynda sem ekki teljast listrænar. Hins vegar er útilokað að meta ljósmyndir eftir þeim ákvæðum sem sett eru í lögum. Birting mannamynda teknum á stofum er óheimil nema með leyfi handhafa höfundarréttar og einstaklingsins sjálfs. Héraðsskjalasafnið heldur á höfundarrétti á all mörgum myndasöfnum. Vísast til sérstakrar greinargerðar vegna ljósmyndaskráningarinnar, sem unnin var fyrir Menntamálaráðuneyti.

Vísnavefurinn

Skráning lausavísna lá að mestu niðri á árinu. Jafnframt var ljóst að lausavísnavefur safnins hafði ekki nægilegt öryggi og því ekki óhætt að vista hann í opnu kerfi á vefnum. Vefurinn var því tekinn úr loftinu á fyrri hluta ársins en unnið að því í samstarfi við Árnastofnun að byggja upp nýjan vef, sem væri í tengslum við óðfræðivefinn Braga. Umtalsverðar tafir urðu á opnun hins nýja vefs og lá hann því niðri um áramót, en vonir stóðu til þess að nýr og endurbættur vefur opnaði í byrjun árs 2012.

Skráning skjalasafna

Lengi hefur verið ljóst að starfsfólk safnsins hefur ekki getað sinnt skráningu stórra skjalasafna. Þar hafa ráðið miklar annir við að svara fyrirspurnum, en einnig hefur aðstaða safnsins verið með þeim hætti að ekki hefur verið mögulegt með góðu móti að taka við og ganga frá stærstu skjalasöfnunum sem borist hafa. Á fyrri hluta ársins var unnið stórvirki í skráningu nokkurra skjalasafna, sem höfðu legið óbætt hjá garði. Húsnæði í Borgarmýri, sem áður hafði verið notað í átaksverkefni á vegum Þjóðskjalasafns var fyrir hendi fyrri hluta ársins og voru tveir starfsmenn settir í skráningu skjalasafna. Óhætt er að segja að þær Kristín Jónsdóttir og Sigrún Heiða Söstrand hafi unnið afar vel að verkinu og skráðu þær eftirtalin skjalasöfn.

- E-118 Skjalasafn Verkamannafélagsins Fram Sauðárkróki
- E-110 Skjalasafn Verkakvennafélagsins Öldunnar Sauðárkróki
- E-172 Skjalasafn Verkalýðsfélagsins Ársæls í Hofsósi
- E-171 Skjalasafn Verkamannafélagsins Farsæls í Hofsósi.
- E-173 Skjalasafn Verkakvennafélagsins Bárunnar í Hofsósi

Skráning verkalýðsgagna var unnin með tilstyrk Verkalýðsfélagsins Öldunnar á Sauðárkróki sem styrkti safnið sem nam kostnaði við vinnuna við skráninguna en safnið sjálft stóð straum af umbúðakostnaði.

Þá voru skráð stór skjalasöfn, sem höfðu áður verið lítið skráð eða óskráð:

- O-9 Skjalasafn Hofshrepps 1874-1948.
- O-10 Skjalasafn Hreppstjóra Hofshrepps til 1948.
- O-11 Skjalasafn Hofsóshrepps 1948-1990.
- O-12 Hreppstjóri Hofsóshrepps 1948-1990.
- O-13 Hofshreppur 1990-1998.
- O-13 Skjalasafn Hofshrepps 1948-1990.
- O-15 Skjalasafn Héraðsnefndar Skagafjarðarsýslu
- O-16 Skjalasafn Bændaskólans á Hólum.

E-174 Skjalasafn Sparisjóðs Sauðárkróks

Þá var hafin skráning á Skjalasafni Sauðárkróksbæjar en ætlunin er að ljúka verkefninu á fyrir hluta ársins 2012.

Má áætla að heildar umfang skráðra skjalasafna sé um 80 hillumetrar.

Gefendur og afhendingar árið 2011

- Árskóli, Sauðárkróki. 2011/30 Gögn skólastjórafélags Norðurlands vestra
- Ásta Einarsdóttir Dalvík 2011/18. Bréf og ljósmyndir úr búi Jóhönnu Sigurðardóttur Hólakoti.
- Bjarni Haraldsson Sauðárkróki 2011/14. Gögn heimilisiðnaðarfélags Sauðárkróks o.fl. Byggðastofnun. 2011/23 Fundagerðabók byggingarnefndar stjórnsýsluhúss.
- Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra: 2011/21 Gögn iðnskóla Sauðárkróks
- Guðrún Árnadóttir frá Vatnsskarði 2011/13 Gögn Söngsveitarinnar Drangey.
- Haraldur Hermannsson Sauðárkróki 2011/22 Dagbækur Hermanns Jónssonar á Mói.
- Heiðrún Friðriksdóttir Sauðárkróki 2011/4 Ýmis gögn úr búi Friðriks Margeirssonar Sauðárkróki
- Heiðrún Friðriksdóttir Sauðárkróki 2011/16 Gögn tengd skólakennslu úr búi Friðriks Margeirssonar.
- Helga Bjarnadóttir Varmahlíð 2011/5 Myndir úr búi Egils Jónassonar Völlum.
- Helga Bjarnadóttir Varmahlíð. 2011/12 Gögn Kvenfélagasambands Skagafjarðar þ.á m. gjörðabók.
- Helgi Dagur Gunnarsson Varmahlíð 2011/1 Gögn Íbúasamtaka Varmahlíðar Héraðsbókasafn Skagfirðinga. 2011/17 Rullur úr leikritum.
- Hilmir Jóhannesson Sauðárkróki 2011/15 Gögn K listans á Sauðárkróki
- Hjalti Pálsson Sauðárkróki. 2011/19 Ljósrit af dagbókum Jóns Víðis um Hóla og Heljardalsheiði.
- Ingibjörg Hafstað, Vík. Gögn Sjálfsbjargar á Sauðárkróki 2011/7
- Ingibjörg Hafstað, Vík. Ég er að norðan - handrit o.fl. 2011/8
- Kristbjörg Bjarnadóttir Hofsósi 2011/ Ýmis gögn Kvenfélagsins Hvatar, Hofshreppi.
- Lilja Þórarinsdóttir Reykjavík 2011/24 Gögn Þórarins Jónssonar Keldudal.
- Listasafn Skagfirðinga 2011/52 Gestabækur og aðfangabók.
- Sigrún Stefánsdóttir Reykjavík: 2011/27 Gögn frá Stefáni Islandi.
- Sjálfstæðisfélag Sauðárkróks. 2011/48-59 Ýmis gögn er tengjast stjórn málum á Sauðárkróki og rekstri Sauðárkróksbæjar.
- Sigurbjörg Bjögvinsdóttir frá Fyrirbarði. 2011/54 Fundagerðir Verkamannafélagsins Flóka í Fljótum.
- Skúli Brynjólfur Steinþórsson: 2011/29 Ljósrit af þætti um Guðríði Thorfinnsson.
- Sögufélag Skagfirðinga. 2011/53 Gögn varðandi sögu félagsins einig myndefni.
- Varmahlíðarskóli. 2011/28. Gögn bókasafns Seyluhrepps
- Vibeke Norregard Nielsen Danmörku 2011/20 Endurminningar Alfreds Thomsen
- Viggó Jónsson Sauðárkróki. 2011/31 Gestabók í Drangey
- Þjóðminjasafn Íslands: 2011/26 Gögn úr Fljótum sem komu frá hollenskum frímerkjasafnara.
- Þjóðskjalasafn Íslands 2011/35 Ýmis gögn